

Hópastarf

Hópastarf er 2 x í viku og tímalengd fer eftir aldri barna. Í hópastarfinu nálgumst við námssviðin okkar sem eru læsi, sjálfbærni og vísindi, vellíðan og heilbrigði og menning og sköpun. Einnig er unnið heimaþekkingu sem byggir á því að börnin læra hvað þau heita og hvar þau eiga heima, hvað heitir mamma og pabbi o.s.frv. Börn sem eru saman í hóp læra að þekkja hvert annað og treysta hvert öðru og er það grundvöllur að góðu samstarfi og vináttu. Hvert barn fer svo einu sinni í viku í listaskóla og í salinn og þess á milli er frjáls leikur.

Lubbastund

Á mánudögum er Lubbastund í hádeginu og þá er hljóð vikunnar kynnt - þessi stund hefst 3.september. Hér má lesa allt um hann Lubba vin okkar, Lubbi finnur málbein. Við hlustum á lagið og skoðum svo myndirnar í bókinni og ræðum hvað er að finna þar einnig reynum við að finna einhvern sem á það hljóð sem við erum að vinna með hverju sinni.

Salur

Bláa lind á salinn á fimmtudögum og þá fara hóparnir í markvissa hreyfingu. Hreyfing stuðlar að líkamlegri og andlegri vellíðan, gleði, snerpu og þoli. Í markvissri hreyfipjálfun eflist alhliða þroski barnsins og barnið öðlast góða líkamsvitund. Þetta leiðir af sér aukna félagsfærni og leikgleði sem eflir vináttubönd.

Listaskáli

Á mánudögum á Bláa lind listaskála og þar fá börnin fjölbreytt tækifæri til að tjá sig í sköpun. Börnin æfa sig meðal annars samhæfingu augna og handa, þjálfar fínhyfingar, formskyn og læra heiti litana. Megin áhersla er lögð á sköpunarferlið sjálft og þá gleði sem það vekur barni að vinna eitt eða með félögum sínum að skapandi viðfangsefni.

Könnunarleikur

Könnunarleikur er leikur fyrir yngstu börnin með verðlaust efni. Það er búið að safna saman í poka alls konar "verðlausum" hlutum en ekki leikföngum sem eru keypt út í búð. Þetta eru hlutir eins og keðjur, lykla, dósir, lok, spaðar, tölur, borðar, og margt fleira. Í leiknum örva þau skynfæri sín með því að hlusta, snerta, skoða og smakka. Tíminn sem er noraður í tiltekt er ekki síður mikilvægur en leikurinn sjálfur. Í gegnum tiltekt læra börn að para saman og flokka. En hvorutveggja er undirstaða stærðfræðináms barna.